

Stóru-Vogaskóli
Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
Skólaárið 2018-2019



Náttúran á sjó



Markmið verkefnisins:

- Að efla verklegt nám
- Styrkja samskipti nemenda og samvinnu í gegnum Kajakferðir
- Styrkja tengsl við náttúruna
- Fræða nemendur um nærumhverfið sitt frá sjó
- Þjálfa samkennd, samvinnu og auka veliðan
- Náttúruskoðun, sýnataka og veiðar í Vogavík
- Að nemendur finni tilgang með náminu

Leiðir sem valdar voru:

- Útikennsla
- Samvinna við fyrirtæki í samfélagini
- Samvinna umsjónakennara og náttúrufræðikennara

Frávik miðað við upphaflega áætlun verkefnisins:

- Skortur á kajökum og búnaði
- Þjálfun fleirri starfsmanna með réttindi
- Áhugi á meiri sampættingu við aðrar námsgreinar en náttúrufræði

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

- Fjármagn til að klára uppyggingu og í framhaldi að viðhalda verkefninu
- Erfitt að koma reglulegri útikennslu og útiveru í aðrar námsgreinar en náttúrufræði

Helsti ávinningur:

- Fjölbreyttari námsaðferðir
- Traust á milli nemenda og kennara þegar komið er í erfiðari námsaðstæður
- Lærðómur um íslensku, orð sem eru notuð á sjó t.d. bakborði, stjórnborði ofl.
- Sjálfstyrking nemanda sem eftir er tekið og samvinna þeirra á milli
- Sjá nemendur, sem eiga erfitt með bóklegt nám, blómstra. „*Petta er langskemmtilegasti tíminn í skólanum*“

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Verkefnið hefur skilað glaðari nemendum með sterkari sjálfsmynnd
- Verkefnið eflir og styrkir nemendur og þau verða fróðari um náttúruna í umhverfi sínu. Virðing fyrir umhverfinu vex
- Allir nemendur frá 1.-10. bekk fengu að fara á sjó, 7-10 bekkur fór í siglingu með skipi og á sjóstöng
- Farið í fiskvinnslu og kynnt sér starfið þar
- Allir nemendur tók þátt í verkefni með Bláa hernum og gengu ströndina og týndu plast og rusl

Niðurstöður verkefnisins samkvæmt markmiðum:

- Höfum verið að bykkja upp kajak val í unglingsadeild, en höfum nú útfært nálgunina á öll stig skólans. Höfum í auknari mæli fengið alla til að hugsa um hvernig við getum nýtt umhverfið okkar betur til kennslu.
- Mikil lífsreynsla fyrir marga að fara á sjó, fara í skip og sigla. Nemendur lærðu að stíga ölduna og fá sjóriðu. Nokkrir ældu. Allir mjög sáttir og glaðir.
- Fundu hvað samvinna og traust skiptir miklu máli. Hvað þú mátt þín lítið í náttúrunni ef það var t.d. vont í sjóinn.
- Lærðu um veðrið og hvað við erum háð því. Mikið spáð í verðuspá, hafstrauma, fjöru og flóð, smástreymi og stórstreymi, vind, hitastig og fleira.
- Lærðu hvað skiptir miklu máli að fara eftir öryggisreglum og fylgja fyrirmælum.
- Hvað það skiptir máli að vera vel á sig líkamlega þegar maður er á kajak á sjó, ekki gott að hafa ekki úthald til að sigla í land.
- Nemendur notuðu bátanna til að þrífa tjörn sem er hér í miðjum bænum og hafa aðstoðað við hátíð í bænum við að leyfa bæjarbúum að sigla um.
- Náttúrufærðikennsla varð meira lifandi og tengdist betur áherslum nýrrar námskrár og námsmati.
- Allir kennrar hafa fengið tækifæri til að prófa kajak og átta sig á útá hvað áfanginn gengur.

Eins og kemur fam í þessum punktum náðum við flestum markmiðum okkar. Mikill áhugi er að halda þessu áfram og bíða fleiri kennrar eftir öryggisnámskeiði sem veitir rétt til að kenna nemendum á kajak á sjó. Nú þegar hafa fjórir lokið við öryggisnámskeið.

Höfum sett mjög markvisst inn í okkar áætlanir útiveru og umhverfismennt. Munum við halda áfram á þeirri braut. Hugur er að kaupa fleiri kajaka fyrir 10 nemendur. Nemendahópnum fylgja ávallt 2 kennrar sem hafa lokið öryggisnámskeiði.

Erum einnig komin í samband við ferðaþjónustuaðila sem er með sjóstöng oger áætlað að fara ca. einu sinni á ári með unglingastig á sjóstöng.

Kynning á verkefninu:

- Nú sem áður höfum við kynnt verkefnið fyrir starfsmönnum skólans á fundum og í spjalli.
- Á heimasiðu skólans <http://storuvogaskoli.is/> er sagt frá og er þar að finna myndir af verkefninu.
- Skólastjóri sagði frá í útskriftarræðu og mun skrifa ítarlega grein í fréttablað sem skólinn sendir út núna á haustdögum.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa Sprotasjóð um:

Vil þakka Sprotasjóði fyrir styrkinn því við náðum að lyfta þessu verkefni sem við fórum af stað með fyrir 4 árum á annað stig. Með verkefninu erum við að festa það sem hluta af skólastarfi Stóru-Vogaskóla og nýta okkur það flotta umhverfi sem skólinn er í. Mjög mikilvægt er að nemendur læri og upplifi sjóinn, fjöruna og lífið í kring, því sjórið og sjómennskan er svo stór partur af þjóðarsálinni okkar.

